

Uppgjör Enginn þrýstingur á Björgólf Thor að gera upp

Kröfuhafar hafa hag af verðhækkunum

Svo virðist sem kröfuhafar í eigu Björgólfs Thors séu polinmóðir gagnvart honum og treysti á að verðmæti þeirra fyrirtækja sem hann á hlut í hækki enn frekar.

GÍSLI FREYR VALDÓRSSON
gislifreyr@vb.is

Andvirði þeirra bréfa sem Björgólfur Thor Björgólfs-son fékk í bandaríska lyfja-fyrirtækinu Watson, þegar Watson keypti Actavis í vor, hefur hækkað um tæp 40% frá því að kaupin gengu í gegn.

Eins og Viðskiptablaðið greindi frá í byrjun maí sl. steig Björgólfur Thor stórt skref í skuldauppgjöri

sínu við kröfuhafa með sölnunni á Actavis. Watson keypti félagið á 4,25 milljarða evra, eða um 700 milljarða króna. Stærsti hluti þess fjármagns rann til helsta kröfuhafa Björgólfs Thors, þýska bankans Deutsche Bank, en auk þess eignaðist Björgólfur Thor fyrrnefndan hlut í Watson.

Með því hvarf stærsti, og samkvæmt heimildum Viðskiptablaðsins aðgangsharðasti kröfuhafinn, út úr myndinni. Eftir sitja þrír stórir kröfuhafar sem allir eru þrotabú fallinna banka. Það var svo sem vit að skuldauppgjör Björgólfs Thors myndi taka einhvern tíma og í raun má segja að uppgjörið sé nú rúmlega hálfnað. Samkvæmt heimildum Viðskiptablaðsins verður því þó ekki hraðað þannig að enn eru einhver ár í að því ljúki.

Sýna Play áhuga

Fyrir utan fyrrnefndan hlut í Watson á Biörgólfur Thor iafnframt stór-

an hlut í pólska fjarskiptafyrirtækinu Play. Undanfarnar vikur hefur verið orðrómur um það í Póllandi að kínverska fjarskiptafyrirtækið Huawei hefði sýnt Play nokkurn áhuga (til gamans má geta þess að Novator, félag Björgólfs Thors, átti í viðskiptum við Huawei frá árinu 2005). Þessi orðrómur hefur hækkað verðmæti Play nokkuð en þrátt fyrir það segist Björgólfur Thor ekki vera á þeim buxunum að selja hlut sinn í félaginu. „Þetta er mjög verðmætur hlutur,“ segir hann í samtali við Viðskiptablaðið og bætir því við að áfram verði unnið að því að auka verðmæti félagsins.

Kröfuhafar eiga veð

Þá segist Björgólfur Thor heldur ekki stefna á sölu á hlut sínum í Watson á næstunni. Kröfuhafar sem enn eiga kröfur í félag Björgólfs Thors eru með veð í þeim fyrirtækjum sem hér eru til umfjöll-



Björgólfur Thor segist ekki stefna á að selja hlut sinn í Watson.

VB MYND/HARI

unar og Björgólfur Thor segir það hag þeirra að verðmæti þeirra aukist á næstu árum.

Fyrirtæki Björgólfs Thors á Ís-

landi eru CCP, Nova og gagnaver Verne. Björgólfur Thor segist vera ánægður með rekstur þeirra og að framtíð þeirra sé björt.

